

Grindavíkurbær
B.t. Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík



Reykjavík 20. apríl 2020

Efni: Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032

Vísað er til fréttu á vef Grindavíkurbæjar frá 20. febrúar 2020 og 23. mars 2020 þar sem auglýst er tillaga að aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða er auglýst tillaga að umhverfisskýrslu samkvæmt 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Frestur til að koma með athugasemdir var í upphafi til 6. apríl en var síðar framlengdur til 20. apríl. Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir fyrrgreint aðalskipulag og vilja koma eftirfarandi athugasemd á framfæri.

Samtökin telja að með fyrirliggjandi aðalskipulegi verði vegið stórt að ferðafrelsi með því að breyta slóðum sem áður voru skráðir sem útivistastígar í annars vegar reið- og útivistarstíga og hins vegar reiðstíga. Reið- og útivistarstígar eru stígar sem nýtast fyrir allt í senn; reiðmenn, vélhjól, reiðhjól og gangandi. Samnýting stíganna krefst tillitssemi af öllum þeim sem um þá fara.

Tilraunaverkefni um samnýtingu stíga hefur verið í gangi í Grindavík í 8 ár og gengið vel. Þó nokkrir stígar í nágrenni þéttbýlisins hafa verið skilgreindir sem útivistarstígar og eftir að Suðurstrandarvegur var opnaður nýttist gamli vegurinn einnig sem almennur útivistarstígur. Jafnræði er afar lítið í stíg sem eingöngu er Reiðvegur og ætlaður reiðmönnum.

Þeir stígar sem um ræðir eru afar mikilvægir fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu þar sem þeir eru m.a. nýttir til að komast á milli annarra stíga til að þurfa ekki að nýta götur bæjarins. Þá er bent á að það er áralöng hefð fyrir notkun umræddra stíga sem tengja Reykjanes við Krísuvík á skemmtilegan hátt.

Samtök ferðaþjónustunnar skora á skipulagsnefnd og bæjarstjórn Grindavíkur að halda þeim útivistastígum sem fyrir eru til að allir hafi jafnan rétt á að ferðast um svæðið.

Virðingarfyllst,
f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson